



## Fundargerð stjórnar SSA

### Fundur nr. 7 starfsárið 2011 - 2012

Fundur var haldinn í stjórn SSA mánudaginn 4. júní 2012. Hófst kl. 12:00 með hádegisverði á Við Voginn, Djúpvogi. Fundarstaður: Samúð.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Þórunn Egilsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson.

Þá sátu fundinn Þorkell J. Pálsson, framkvæmdastjóri og Ólafur Áki Ragnarsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengi var til dagskrár:

Dagskrá:

#### 1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundur SSA 27. mars 2012. Samþykkt.
- b) Stjórnarfundur Sambands íslenskra, fundir nr. 794. 795. og 796. Lagðar fram til kynningar.
- c) XXVI. Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lögð fram til kynningar.
- d) Stjórnar Eyþings, 229. Fundur. Lögð fram til kynningar
- e) Stjórnar SSV, dags. 24. apríl 2012. Lögð fram til kynningar
- f) Stjórnar SSV, dags. 11. maí 2012. Lögð fram til kynningar

#### 2. Ársreikningur SSA:

- a) Drög að ársreikningi SSA fyrir árið 2011 lagðar fram til kynningar, ásamt greinargerð Björns Hafþórs Guðmundssonar fyrrverandi framkvæmdastjóra. Töluverðar umræður urðu um reikninginn. Stjórnin óskar eftir frekari skýringum á reikningnum sem lagðar verða fyrir næsta fund stjórnar.

#### 3. Almenningsamgöngur:

- a) Samningur um almenningssamgöngur á Austurlandi. Kynntur var samningur um Almenningsamgöngur á Austurlandi sem gerður hefur verið við Hópfarabíla Akureyrar í framhaldi af almennu útboði. Formaður kynnti afrit af lögmannsbeiðni sem farið hefur verið fram vegna aksturs fyrirtækisins Sterna Travel ehf á leiðinni Höfn-Egilsstaðir-Höfn. Stjórnin staðfesti samning um almenningssamgöngur.

#### 4. Erindi til stjórnar SSA:

- a) Endurskoðun á Fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur. Samþykkt var að Stefán Bogi Sveinsson og Þórunn Egilsdóttir geri tillögu til stjórnar um endurskoðaða fjallskilareglugerð fyrir Múlasýslur. Þá var samþykkt að Bragi Björgvinsson, Breiðdalshreppi og Jón Víðir Einarsson, Fljótsdalshéraði verði markaverðir til næstu fjögurra ára.
- b) Úthlutun úr Minningarsjóði Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar. Stjórnin samþykkti að taka lán af höfuðstóli sjóðsins til að greiða upphæð sem úthlutað var umfram úr sjóðnum. Upphæðin verður greidd á næstu þremur árum.

Stjórnin samþykkti að fela Stefáni Boga Sveinssyni að fara yfir málefni sjóðsins og koma með tillögur til stjórnar um framtíðar skipan hans.

#### 5. Bréf til stjórnar SSA:

- a) Frá Heilbrigðisstofnun Austurlands.  
Formaður gerði grein fyrir málinu sem fjallaði um gerð upplýsingabækling um starfsemi HSA. Framkvæmdastjóra falið að bregðast við erindinu.
- b) Bæjarráði Fljótsdalshéraðs.  
Stefán Bogi Sveinsson, kynnti bókun bæjarráðs Fljótsdalshéraðs um Egilsstaðaflugvöll frá 28. mars síðastliðinn. Stjórnin tók undir er bókun bæjarráðs Fljótsdalshéraðs um mikilvægi á markaðssetningu Egilsstaðarflugvallar. Stjórnin samþykkti var að vísa erindinu til stjórnar Austurbrúar til meðferðar.
- c) Jóni Þorvaldi Hreiðarssyni um samstarfsverkefni SSA og Eyþings. Samþykkt var að óska eftir kynningu á málinu á stjórnarfundi í ágúst og málefnið verði síðan kynnt á aðalfundi SSA í september.
- d) Símanum. Lagt var fram svar forstjóra Símans við bréfi sveitarstjóra Djúpvogshrepps um uppbyggingu háhraðatenginga. Eftirfarandi bókun var samþykkt í framhaldi af umræðum um málefni Símans:

„Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi þakkar bréf forstjóra Símans dags. 23. apríl síðastliðinn. Bréfið var svar til stórnar sambandsins vegna þeirrar ákvörðunar að láta sveitarfélög á Austurlandi greiða hluta af kostnaði við háhraðatengingar.

Það er skoðun stjórnar að það gæti metnaðarleysis hjá Símanum að gera ekki ráð fyrir því, að þjóna öllu þéttbýli á landinu án aðkomu sveitarfélaganna. Það er sannarlega ekki hlutverk sveitarfélaga að sjá íbúum þess fyrir háhraðatengingum. Það er því fráleitt að halda því fram að minni sveitarfélög sem hafa viljað tryggja aukinn nethraða til íbúa sinna og hafa lagt fram fjármuni í því skyni, séu sérstaklega ánægð með slíka mismunun. Það ætti að vera metnaðarmál Símans að veita þessa þjónustu og leita þá til Fjarskiptasjóðs ef fyrirtækið treystir sér ekki til að veita þjónustuna á markaðslegum forsendum.

Þá vill stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi lýsa furðu sinni á auglýsingaherferð Símans sem birtist meðal annars í bæklingi fyrirtækisins undir heitinu „Vertu með í sumar á stærsta 3G neti landsins“ Auglýsingabæklingnum var dreift í öll hús á landinu, auk heimasíðu fyrirtækisins og birtingar í prent- og ljósvakamiðlum. Af korti sem þar birtist má draga þá ályktun að alls ekki séu ferðamannastaðir á Austurlandi, eða frá Jökulsárlóni að Eyjafirði.

Stjórn SSA fer fram á það við Símann að fyrirtæki skoði vel þjónustuhlutverk sitt gagnvart íbúum Austurlands með úrbætur og jafnan aðgang íbúanna að þjónustu fyrirtækisins að leiðarljósi.“

#### 6. Önnur mál:

- a) Eftirfarandi bókun var gerð vegna nýlegrar lokunnar útibúa Landsbankans á Austurlandi:

"Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fordæmir harðlega þá vanhugsuðu ákvörðun Landsbankans að loka tveimur útibúum á Austurlandi. Það er mat

Stjórnar að til lengri tíma litið sé vandséð hagræði fyrir rekstur bankans af lokun útibúanna. Lokun útibúanna skapar hins vegar mikið óhagræði og getur leitt til kostnaðarauka fyrir viðskiptavini bankans. Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi telur jafnframt að ákvörðunin stangist á við yfirlýsta stefnu stjórnvalda, sem eigenda bankans, um að verkefni, störf og þjónusta verði eflað í nærumhverfinu.

Það er mat stjórnar að hagkvæmara sé að vinna ýmis störf út um landið þar sem húsnæði er fyrir hendi, í eigu bankans, þjálfað starfsfólk og gott netsamband. Slíkur samrekstur með nútíma fjarskiptaneti hefur víða gefist vel.

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi telur það lágmarkskröfu, að haft sé samráð við hlutaðeigandi aðila og stefnan útfærð í formlegu samráði stjórnvalda og sveitarfélaga, þegar ákvarðanir eru teknar er varða skert lífsgæði íbúa þeirra."

- b) Málefni aðalfundar SSA sem haldinn verður dagana 14. og 15. september nk. á Borgarfirði eystri. Rætt var um undirbúning aðalfundar.
- c) Hlutverk og staða SSA í nýju umhverfi. Formaður og framkvæmdarstjóri fóru yfir hugmyndir um framtíðarskipan SSA og ákveðna verkaskiptingu sem unnið er eftir í dag.
- d) Rætt um aðkomu SSA á skipulagi ríkisstjórnarfundar sem haldinn var 8. maí sl. á Austurlandi.
- e) Næsti stjórnarfundur.  
Ákvörðun um tímasetningu næsta stjórnarfundar sem verður haldinn á Vopnafirði í ágústmánuði, vísað til framkvæmdaráðs SSA

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 15:40.  
Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.